

Nd.

446. Breytingartillaga

við frv. til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1.—3. gr. Greinarnar falli burtu, en í stað þeirra komi 8 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (1. gr.) Lagt skal á sérstakt gjald, er nemur $\frac{1}{2}\%$ af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.
- b. (2. gr.) Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks“ og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.
- c. (3. gr.) Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal lagt á:
 - a. Alla þá mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og aðra þá mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
 - b. Allt verðjöfnunarskytt kjöt, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfun kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935.
- d. (4. gr.) Þegar verðlagsnefndir ákveða heildsöluverð á vörum þeim, er um ræðir í 1. gr., skulu þær, eftir að hafa ákveðið verðlag þessara vara, bæta við því gjaldi, er 1. gr. ákveður.
- e. (5. gr.) Gjöld til ferðasjóðs innheimtir:
 - a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
 - b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Fé það, er þannig innheimtist, skal afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveizlu, þegar gengið er frá ársreikningum viðkomandi innheimtustofnunar.
- f. (6. gr.) Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna, en búnaðarsamböndin milli hreppabúnaðarfélaganna, hvert á sínu sambandssvæði. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir fátæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.
- g. (7. gr.) Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins og úthlutun fjárins.
- h. (8. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.